



Reykjavíkurborg

Þekking, hæfni, færni – fjölbreyttar námsleiðir

Anna María Kortsen Þorkelsdóttir

Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd	2
3. Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra	2
4. Mat á verkefninu	2
5. Greinargerð um notkun styrkfjár	3
6. Kynning	3
Heimildir	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Fylgiskjöl	3

1. Inngangur

Undirbúningur vegna verkefnisins Fjölbreyttar námsleiðir, sem hefur reyndar skipt um nafn og heitir núna Nám á nýjum nótum, stóð yfir í langan tíma. Á þeim tíma var lagst í mikla skipulagsvinnu og við viðuðum að okkur miklum og góðum upplýsingum. Verkefnið var svo lagt fyrir nemendur haustið 2015 og stóð yfir allan veturinn.

2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

2.1 Faggreinatengd kennsla þar sem aðalnámskrá er höfð til hliðsjónar.

2.2 Tilgangurinn með verkefni hefur alltaf verið að efla hæfileika nemenda, virkja hæfileika sem þeir kannski ekki vissu um og sjá til þess að nemendur okkar klári grunnskóla með skýra sýn á hvaða hæfileika þeir hafi og geti þannig byggt á þeim í framhaldinu. Við erum að vona að með þessu minnki sá tími sem oft virðist fara í að flakka á milli deilda í framhaldsskóla. Lykilhæfnin sem nefnd er í aðalnámskrá er leiðarljós verkefnisins.

2.3 Nemendur í unglingadeild unnu í hópum alla miðvikudaga í 5 kennslustundir allan veturinn. Verkefnin voru faggreinatengd og komu allir kennarar unglingadeildarinnar og nokkrir list- og verkgreinakennarar að skipulagi og kennslu. Öll verkefnin luku með afurð sem notuð var til að meta vinnuna og setja fram á sýningu.

Allir hóparnir fengu verkefnamöppu (sjá tengil neðst í skýrslunni) þar sem þeir höfðu aðgang að verkefnalýsingu, matskvarða og skýrslum. Fyrir utan það sem er í fyrrgreindum tengli, voru KVL kort og blað til heimildaskráningar.

3. Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra

Niðurstaðan eftir veturinn varð mun betri en við gátum reiknað með. Þemavinnan fór hægt af stað hjá nemendum og á tímabili (þegar þeim fannst þeir hafa öðlast meiri færni) unnu þeir allt of hratt. En jafnvægi komst á vinnuna og metnaður nemenda fór að skína í gegn. Eins og fyrr segir þá kemur lykilhæfnin sterkt í gegn í svona verkefni og því auðvelt að meta þá hæfni hjá nemendum. Það sem kom okkur mest á óvart var að þeir nemendur sem voru alveg týndir í bóknáminu, blómstruðu oft á tíðum í þessum verkefnum og nemendur sem voru mjög sterkir í bóknámi, þurftu meiri leiðsögn í samvinnunáminu.

Þetta verkefni gerði okkur svo kleift að uppfylla kröfur aðalnámskrár um árangur í listgrein, verkgrein og upplýsingatækni.

4. Mat á verkefninu

Verkefnið hefur aukið áhuga sumra nemenda á námi og skólanum. Þeir voru spenntir fyrir verkefnunum og unnu stundum mun meira en ætlast var til af þeim í sínum verkefnum til að geta klárað sýningargripi. Einnig komu nokkur verkefni fram sem

nemendur höfðu orð á að þeir ætluðu sér að vinna betur með og jafnvel gera að ævistarfi.

Einn miðvikudagur í maí mánuði var notaður m.a. til að meta verkefnið. Þar voru nemendur spurði hvernig verkefni þeim þótti skemmtilegast að leysa í skólanum og nefndu margir að skemmtilegustu verkefnin væru miðvikudagsþemun.

Við munum svo halda áfram með verkefnið næsta vetur í aðeins breyttri mynd, en það er ekki síst til að passa að engin fái leiða á verkefninu. Þegar við erum komin með þrjár mismundi útgáfur af þessari vinnu, þá fer hver árgangur bara einu sinni í gegnum hverja þeirra. Áfram verða þetta 5 kennslustundir á miðvikudögum og sami fjöldi kennara sem koma að verkefninu.

5. Greinargerð um notkun styrkjár

Styrkurinn hefur verið notaður í að greiða fyrir skipulag kennslunnar, greiða ferðir, greiða aukakostnað sem lagst hefur á skólann vegna verkefnsins og kaupa smá efni sem mun nýtast áfram í skólanum.

6. Kynning

Verkefnastjóri hefur kynnt þetta verkefni vítt og breytt í vetur. Bæði í skólanum og utan hans. Kynningar hafa m.a. farið fram á námskeiði Skólastjórafélagsins, vorþingi Skólastjórafélagi Vestfjarða og hefur skólinn fengið nokkrar heimsóknir í vetur, m.a. frá skrifstofu SFS.

Nú er verið að vinna í skýrslu um verkefnið sem send verður til SFS þegar hún er tilbúin.

Fylgiskjöl

Bæklingur unnin úr vinnu nemenda á einum þemadegi í maí:

https://issuu.com/annamariaborkelsdottir/docs/vir_ing_gle_i_umhyggja1.docx

Dæmi um skjöl nemenda í einu þemaverkefninu – en nemendur fengu möppur með öllum þeim skjölum sem þeir þurftu í upphafi hvers verkefnis:

https://issuu.com/annamariaborkelsdottir/docs/tungum_la_ema1

